

Færni til framtíðar

Ráðstefna Félags náms- og starfsráðgjafa,
Norræns tengslanets um nám fullorðinna - NVL,
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og
Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafar



Fjársjóðsleitinn – sjálfstyrkingarnámskeið.

Elva B. Ágústsdóttir, M.H. og HÍ

- ▶ Lítið sjálfstraust viðheldur litlu sjálfstrausti
 - ▶ Börn með lítið sjálfstraust eiga það til að vanmeta getu sína og því ólíklegri til að taka þátt í krefjandi verkefnum.
 - ▶ Þegar þau komast ítrekað undan því að taka þátt í slíkum verkefnum ná þau ekki að þjálfa færni sína og dragast því aftur úr jafnöldrum sínum á hinum ýmsu sviðum.
- ▶ Mikilvægt er að huga að sjálfsmynd barna
 - ▶ Börn lenda nær daglega í aðstæðum þar sem sjálfstraust þeirra er “testað”.
- ▶ Börn upplifa nýja hluti og læra eitthvað nýtt nær daglega. Þau eru því mjög oft í krefjandi aðstæðum þar sem sjálfstrausti þeirra er ögrað
- ▶ Fjársjóðsleitinn byggir á hugrænni-atferlisfræði



Fjársjóðsleitinn – Sjálfstyrkingarnámskeiðið

- ▶ Markmiðið er að efla sjálfspækingu barna og sjálfálit.
 - ▶ Með því að:
 - ▶ Auka jákvætt sjálfstal
 - ▶ Rengja neikvæðar kjarnahugmyndir
 - ▶ Brjótast út úr vítahring neikvæðra hugsana, hegðunar og tilfinninga
 - ▶ Færa draumasjálfið nær raunsjálfinu
 - ▶ Auka gleðistundir í lífinu
 - ▶ Efla færni
 - ▶ Fara út fyrir þægindarammann
- ▶ Fyrir börn í 2.-5. bekk
- ▶ Markmiðið er að mæla árangur - Umsagnir foreldra



Náms og starfsval

Ingveldur Sveinbjörnsdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík

- ▶ 2 eininga áfangi fyrir nemendur á lokaári í Kvennaskólanum.
- ▶ U.þ.b. 42 klst. vinna fyrir nemendur.
- ▶ Unnið er að því að gera nemendur vel undirbúna til að marka sér framtíð og bera ábyrgð á þeirri leið sem þeir kjósa eftir útskrift úr Kvennaskólanum.

Kenndar og þjálfaðar eru leiðir til að:

- ▶ Efla sjálfsþekkingu og taka ákvarðanir á upplýstan hátt.
- ▶ Nemendur séu meðvitaðir um þá óþrjótandi möguleika sem í boði eru í framhaldsnámi héraðs og erlendis og þekki leiðir til að afla upplýsinga á þessu sviði.
- ▶ Nemendur geri sér grein fyrir samhengi vinnumarkaðar og menntakerfis.
- ▶ Nemendur séu meðvitaðir um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og kynnist aðferðum til að auka fjármálafærni sína.

Mat

- ▶ Áfanginn hefur verið í þróun frá 2001.
- ▶ Fyrst sem valáfangi.
- ▶ Í nýju námskerfi (frá 2009) hefur áfanginn verið í kjarna.
- ▶ Ákvörðun um gera áfangann að skyldu fyrir alla nemendur var tekin á grundvelli jákvæðs mats nemenda á hagnýtu gildi hans.

Vinnustofur og námskeið um undirbúning fyrir atvinnulífið.

Jónína Ó. Kárdal, H.Í.

- ▶ Þrjár vinnustofur á vegum Náms- og starfsráðgjafar H.Í. (NSHÍ)
 - ▶ Gerð ferilskrár, skráning þekkingar, hæfni og færni. Styrkleikar og sjálfskoðun
 - ▶ Mikilvæg atriði í atvinnuleit skoðuð
 - ▶ Gerð starfsferilsmöppu. Skráning einstaklings á þekkingu, hæfni og færni. Skapandi og myndrænt
- ▶ Námskeiðið Starfsþróun í ferðapjónustu hjá námsbraut í ferðamálafræði
 - ▶ Aðkoma NSHÍ að þróun og kennslu í námskeiði
 - ▶ Starfsferilsmöppugerð og ferilskrárgerð

Notkun, markhópur og árangur

- ▶ Til hvers er það notað?
 - ▶ Styðja stúdenta í að skapa starfsferil sinn sem byggir á námi og reynslu (formleg og óformlegt)
 - ▶ Liður í að undirbúa nemendur undir þátttöku í samfélaginu, hvort sem um er að ræða atvinnu eða áframhaldandi nám.
 - ▶ Liður í að styðja við nemendur í starfsþróun sinni. Kynna hugtök og leiðir til eflingar.
- ▶ Hver er markhópurinn?
 - ▶ Allir stúdentar
 - ▶ Útskriftarárgangar
- ▶ Hver hefur árangurinn verið?
 - ▶ Skýr og jákvæð endurgjöf frá stúdentum
 - ▶ Góð þátttaka í vinnustofum
 - ▶ Betri skilningur hjá fræðasviðum og deildum

Almenn starfshæfni - undirbúningsverkefni fyrir raunfærnimat Valgeir Magnússon, Símeý

Árið 2014 hófst tilraunarverkefni í raunfærnimati í almennri starfshæfni á Eyjafjarðarsvæðinu. Verkefnið stóð yfir í fimm mánuði og féll undir IPA verkefni FA "Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun".

Símeý hafði yfirumsjón með verkefninu. Markmiðið var að nálgast hóp atvinnuleitenda eldri en 25 ára með að lágmarki fimm ára starfsreynslu og meta þá á móti hæfniprepum 1.a, 1.b, 2. og 3.

Tilgangurinn: Almenn starfshæfni

- ▶ Verið að draga fram styrkleika hvers og eins – og einstaklingur fær tækifæri til að styrkja stöðu sína, efla færni í þáttum sem hugsanlega þarf að efla og hann kys að bæta við sig – og verða þannig betur undir búinn fyrir þátttöku á vinnumarkaði
- ▶ Niðurstöður matsins alltaf eign einstaklingsins og hann ákveður hvort og hvernig hann nýtir þær:
 - ▶ Fá „greiningu“ á eigin stöðu varðandi almenna starfshæfni
 - ▶ Í atvinnuleit getur einstaklingur t.d. sýnt niðurstöður mats
 - ▶ Til að efla sig... bæta við hæfnipáttum

Að þekkja hæfni sína getur hjálpað einstaklingi að taka næstu skref í starfsþróun....

- ▶ ákveða hvers konar störf hann/hún vill vinna
- ▶ ákveða á hvaða sviðum nám eða þjálfun ætti að vera
- ▶ að skrifa CV ef t.d. er verið að sækja um starf.

Hæfni og færni

- ▶ Persónuleg hæfni. Viðhorf, leikni og breytni sem eykur möguleika einstaklings fyrir vöxt og þroska.
 - Aðlögunarhæfni
 - Ábyrg nýting
 - Mat og úrlausnir
 - Starfsþróun og færniefling
 - Söfnun og úrvinnsla upplýsinga
 - Vinnusiðferði og gildi
 - Jafnréttisvitund
 - Öryggisvitund
 - ▶ Samstarfshæfni. Það sem þarf til að geta lagt sitt af mörkum fyrir heildina til að árangur náist.
 - Árangursrík samskipti
 - Samvinna
 - Skipulag og áætlanir
 - ▶ Grunnleikni. Leikni sem er undirstaða frekari hæfniuppbyggingar.
 - Lestur/læsi
 - Ritun
 - Talnaskilningur
- Upplýsingatækni

Niðurstaðan: Raunfærnimat almenn starfshæfni

- ▶ Náms- og starfsráðgjöf rauður þráður allt ferlið, ekki síst í lokin
- ▶ Allir komnir í vinnu eða nám eftir 6 mánuði
- ▶ Mikil sjálfskoðun á styrkleikum og frekari sóknarfærum

Þróun eigin viðskiptahugmyndar

Magnea Ingólfssdóttir, Vinnumálastofnun

- ▶ Markmið úrræðisins er að hvetja atvinnuleitendur til að vinna að sinni eigin viðskiptahugmynd og gefa þeim tækifæri til að þróa hana með það að markmiði að skapa starf fyrir viðkomandi og þannig draga úr atvinnuleysi og skapa fleiri störf á vinnumarkaði.

Þróun eigin viðskiptahugmyndar

- ▶ Einstaklingur í atvinnuleit á möguleika á að sækja um úrræðið, þróun eigin viðskiptahugmyndar. Hann sækir um úrræðið og fær í framhaldi viðtal við ráðgjafa. Í viðtalinu er lögð áhersla á að hvetja, styrkja og efla færni einstaklingsins á sem jákvæðastan hátt til að þróa sína eigin hugmynd.
- ▶ Hugmyndirnar eru margs konar og geta verið með mismunandi áherslum. Einstaklingur vill efla færni sína á ný og styrkja sig í sinni starfsgrein eða einstaklingur er með alveg nýja hugmynd og vill fá tækifæri til að þróa hana áfram til að hafa áhrif á atvinnumöguleika sína í framtíðinni.

Þróun eigin viðskiptahugmyndar

- ▶ Tölur sýna að um 20% verkefna halda áfram eftir að úrræði lýkur hjá Vinnumálastofnun. Einstaklingurinn hefur þá þróað sína hugmynd og vinnur að henni og hefur þá skapað sér tækifæri á atvinnumarkaði útfrá eigin áhuga og færni.
- ▶ Sem dæmi um jákvæðan árangur er hópfjármögnunarsíðan, Karolina Fund sem þróuð var sem nýsköpunarhugmynd vegna úrræðisins, þróun eigin viðskiptahugmyndar.

Færni til framtíðar - mótun starfsferils Ráðstefna FNS, NVL, Euroguidance

Fundarstjóri: **María Kristín Gylfadóttir**, stjórnandi Erasmus+ áætlunarinnar

- ▶ 9:00 **Illugi Gunnarson, mennta- og menningarmálaráðherra.** *Opnunarávarp*
- ▶ 9:15 **Bo Klindt Poulsen, aðstoðarprófessor við VIA University College**
Between Employability and Social Justice – Career Guidance and Career Competence in a Nordic Perspective
- ▶ **10:10 Kaffi**
- ▶ 10:30 **Guðrún Birna Kjartansdóttir**
Hver er staða stefnumótunar í náms- og starfsráðgjöf?
- ▶ 10:50 *Pallborðsumræður og kynningar náms- og starfsráðgjafa sem hafa reynslu af verkefnum á ólíkum skólastigum og sviðum*
- ▶ 11:50 Samantekt og fundarslit



Erasmus+



norden

Nordiskt nätverk för
vuxnas lärande